

Miðvikudaginn 24. september 1980.

Nr. 175/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorfinni Kristjánssyni

(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Er ákærði var handtekinn, neitaði hann, að hann hefði ekið bifreið sinni umrætt sinn. Þegar skýrsla var tekin af honum á lögreglustöðinni í Reykjavík sama dag, skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að neyta áfengis kvöldið áður og eitthvað fram á nótt. Hann hefði síðan drukkið sem svarið einum þriðja úr hvítvinsflösku á Loftleiðahótelinu á milli kl. 1330 og 1500 um daginn. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk.

Hinn 27. júní s. á. var tekin lögregluskýrsla af ákærða. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði verið staddur á Hótel Loftleiðum daginn, sem hann var handtekinn, og drukkið úr einu staupi af hvítvíni á milli kl. 1330 og 1500. Um kl. 1600 hefði hann síðan ekið heimleiðis með stuttri viðkomu á leiðinni. Eftir að heim kom, hefði hann drukkið úr tveimur glösum af vodka blönduðu coca cola.

Ákærði kom fyrir sakadóm 13. október 1978. Þá er bókað í sakadómsbók:

„Ákærða er birt ákæran og gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74/1974.

Ákærða finnst ákæran ósanngjörn. Ákærði kveðst hafa drukkið eitt stau af hvítvíni á Hótel Loftleiðum, áður en hann ók bifreiðinni R 56622, og kveðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kveðst hafa neytt áfengis á heimili sínu, eftir að akstri lauk.

Ákærði óskar ekki eftir að halda uppi vörnum í málinu og

gerir ekki athugasemdir við gögn málsins og kveðst leggja það í dóm.

Upplesið staðfest“.

Síðan var málið dómtekið og dómur í því upp kveðinn samstundis.

Rannsókn máls þessa er verulega áfátt. Ekki verður séð, að ákærða hafi verið kynnt sérstaklega önnur sakargögn en ákæruskjalið, er hann kom fyrir dóm, og ekki var hann spurður sjálfstætt um sakarefni, svo séð verði, nema að mjög takmörkuðu leyti. Var þó sérstök ástæða til þess, þar sem hann hafði verið mjög reikull í frásögnum sínum hjá lögreglu. Er þetta brot á 78. gr. laga nr. 74/1974 og 75. gr. sömu laga, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976. Ekki hafa lögreglumenn þeir, er stóðu að handtöku ákærða, né önnur vitni, sem borið gætu um málsatvik, gefið skýrslur fyrir lögreglu eða dómi, ef frá er talin frumskýrsla lögreglu um handtöku ákærða.

Vegna þessara galla á rannsókn málsins verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. október 1978.

Ár 1978, föstudaginn 13. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 414/1978:

Ákærvaldið gegn Þorfinni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. september sl., á hendur ákærða, „Þorfinni Kristjánssyni sölumanni, Gautlandi 9, Reykjavík, fæddum þar í borg 30. sept. 1950, fyrir að aka laugardaginn 27. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 56622 frá Loftleiðahóтели í Reykjavík að Vesturbergi 148 og eftir stutta viðdvöl þar heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 30. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. nú 1. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Laugardaginn 27. maí sl., kl. 1710, barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að bifreiðinni R 56622 hefði verið ekið frá Vesturbergi og væri ferð hennar heitið að Gautlandi 9. Höfðu lögreglumenn tal af ákærða á heimili hans, og þrætti hann í fyrstu fyrir að hafa ekið bifreiðinni, sem stóð fyrir utan, og var vél hennar heit. Kvað ákærði konu sína hafa ekið bifreiðinni, en hún neitaði því og kvað ákærða hafa komið á bifreiðinni þá skömmu áður.

Í skýrslutöku hjá varðstjóra viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni R 56622 frá Loftleiðahótelinu að Gautlandi 9 með viðkomu í Vesturbergi 148. Kvaðst ákærði hafa drukkið þriðjung úr hvítvínslösku á Hótel Loftleiðum á tímabilinu kl. 1330 til 1500. Ákærði kvaðst þá ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Í skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 27. júní sl. skýrði ákærði á sama hátt og áður frá áfengisneyslu sinni að öðru leyti en því, að hann kveðst hafa drukkið úr tveimur glösum af Vodka blöndum með Coca-Cola á heimili sínu, eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhól-rannsóknar af Gunnari Inga Gunnarssyni lækni kl. 1808 sama dag. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.95‰.

Þar sem ákærði hefur viðurkennt að hafa neytt áfengis,

skömmu áður en hann hóf aksturinn, svo og með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburði ákærða, einkanlega í skýrslutöku þann 27. maí, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1967 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákærufrestun í 2 ár frá 10/7 1967. Skal háður eftirliti Oscars Clausen rithöfundar.
- 1969 15/7 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 73., 106., 244., 245. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1971 19/2 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga.
- 1971 13/10 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mán. frá 8/5 1971.
- 1972 21/12 í Reykjavík: Sátt, 27.000 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. laga nr. 82/1969, 1. gr. laga nr. 63/1969 og 60. gr. laga nr. 59/1969.
- 1975 20/3 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 20/5 1974.
- 1975 30/7 í Reykjavík: Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 26., 35. og 37. gr., 38. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 15/1 1975.
- 1976 14/1 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 60. gr. tolllaga, 3. og 18. gr. áfengislaga.
- 1978 20/2 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Dómarnir frá 20. mars og 30. júlí 1975 hafa samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 150.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem.

um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 27. júní 1978 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Kristjánsson, greiði 150.000 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 27. júní 1978 að telja.

Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 25. september 1980.

Nr. 174/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðbergi Guðjónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að kröfu ákærða. Jafnframt var af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar hans.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða.